Teymi hf.

Ársreikningur samstæðunnar
2010

Teymi hf.
Ármúli 2
108 Reykjavík

Kt. 571106-0940

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra 3

Áritun óháðs endurskoðanda 4

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010 5

Efnahagsreikningur 6

Eiginfjáryfirlit 7

Sjóðstreymisyfirlit 8

Skýringar 9

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ársreikningurinn hefur að geyma samstæðureikning Teymis hf. og dótturfélaga.

Heildarhlutafé félagsins nam 2.167 millj.kr. í árslok og voru hluthafar 43 talsins samanborið við 45 í árslok 2009. Í árslok áttu tveir hluthafar meira en 10% hlut, þeir voru:

Eignarhaldsfélagið Vestia ehf. (Nú í eigu Framtakssjóðs Íslands)	61,0%
ALMC hf (Var áður Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki hf.)	15,0%

Samkvæmt rekstrarreikningi og yfirliti um heildarafkomu nam hagnaður ársins 781 millj. kr. Eigið fé samstæðunnar samkvæmt efnahagsreikningi nam 3.343 millj. kr í árslok. Stjórn félagsins leggur til að ekki verið greiddur arður til hluthafa á árinu 2011 vegna rekstrar á árinu 2010. Varðandi breytingar á eigin fé á árinu vísast til ársreikningsins og skýringa hans.

Í desember 2010 öðlaðist Teymi hf. full yfirráð yfir Hands Holding hf. með því að auka hlut sinn úr 45,7% í 100%. Þann 30. desember 2010 samþykkti stjórn félagsins samruna Hands Holding hf. og Teymi hf., undir nafni Teymis hf. Á sama degi samþykkti hluthafafundur í Teymi skiptingu félagsins í tvö aðskilin félög; Teymi hf. og Eignarhaldsfélagið Fjarskipti ehf., með það að markmiði að búa til skýra aðgreiningu á milli rekstrar fjarskiptafélaga annars vegar og upplýsingatæknifélaga hins vegar. Í kjölfar skiptingarinnar samdi Teymi um endurfjármögnun á öllum langtímalánum tengdum upplýsingatæknihlutanum á hagstæðari skilmálum en áður.
Fyrrgreindar ákvarðanir mörkuðu lokaskrefið í stefnumótun stjórnar Teymis á árinu 2010 sem hafði það að markmiði að skila hluthöfum eignarhlut í tveimur öflugum félögum, sem bæði væru tæk til skráningar í Kauphöll, ef hluthafar óskuðu þess. Af hagkvæmnisástæðum var Teymi hf. haldið í rekstri sem eignharhaldsfélagi en án annarrar starfsemi. Markmiðið er að sameina Teymi hf. og Skýrr ehf. á fyrri hluta ársins 2011.

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samstæðureikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á árinu 2010, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010. Jafnframt er það álit okkar að samstæðureikningurinn og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar og um stöðu hennar og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 30. mars 2011.

Í stjórn:
Þorsteinn G. Gunnarsson
Þór Hauksson
Anna Rún Ingvarsdóttir
Einar Páll Tamimi
Gísli Hjálmtýsson

Forstjóri:
Gestur G. Gestsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Teymis hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Teymis hf. fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum
Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla, eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda
Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit
Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2010, fjárhagsstöðu hennar 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Staðfesting vegna skýrslu stjórnar
Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 30. mars 2011.

KPMG ehf.
Margret G. Flóvenz

Rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu ársins 2010

	Skýr.	2010	2009 Endurgert*
Áframhaldandi starfsemi			
Sala		9.476	8.810
Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu		(7.018)	(6.294)
Framlegð		2.458	2.516
Aðrar tekjur		31	13
Sölu- og markaðskostnaður		(602)	(426)
Stjórnunarkostnaður		(1.868)	(2.482)
Virðisrýrnun óefnislegra eigna		0	(64)
Rekstrarhagnaður (-tap)		19	(443)
Fjármunatekjur		339	418
Fjármagnsgjöld		(470)	(1.840)
Hrein fjármagnsgjöld	12	(131)	(1.422)
Bakfærsla kostnaðar (Kostnaður) vegna ábyrgða vegna Hands Holding hf.	13	2.212	(163)
Hagnaður (Tap) fyrir tekjuskatt		2.100	(2.028)
Tekjuskattur	14	(1.674)	1.194
Hagnaður (Tap) ársins af áframhaldandi starfsemi		426	(834)
Aflögð starfsemi			
Hagnaður af aflagðri starfsemi, að frádregnum tekjuskatti	7	355	289
Hagnaður (Tap) ársins		781	(545)
Rekstarliðir færðir á eigið fé			
Þýðingarmunur		(83)	77
Rekstrarliðir færðir beint á eigið fé samtals		(83)	77
Heildarhagnaður (-tap) ársins		698	(468)
Skipting hagnaðar (taps):			
Hluthafa félagsins		784	(542)
Hlutdeild minnihluta		(3)	(3)
Hagnaður (tap) ársins		781	(545)
Skipting heildarhagnaðar (-taps):			
Hluthafar félagsins		701	(465)
Hlutdeild minnihluta		(3)	(3)
Heildarhagnaður (-tap) ársins		698	(468)
Hagnaður á hlut			
Grunn- og þynntur hagnaður á hlut	27	0,12	(0,13)
Hagnaður á hlut - áframhaldandi starfsemi			
Grunn- og þynntur hagnaður á hlut		0,07	(0,20)

*Sjá skýringu 7

Skýringar á blaðsíðum 10 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	31.12.2010	31.12.2009
Eignir			
Rekstrarfjármunir	15	697	5.702
Óefnislegar eignir	19	6.895	11.143
Aðrar fjárfestingar	21	6	10
Langtímakröfur		198	0
Skatteign	22	1.143	3.395
Fastafjármunir		8.939	20.250
Birgðir	23	366	455
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímaskuldir	24	4.658	4.309
Handbært fé	25	1.031	1.476
Eignir flokkaðar til sölu	8	353	0
Veltufjármunir		6.408	6.240
Eignir samtals		15.347	26.490
Eigið fé			
Hlutafé		2.167	6.269
Annað bundið eigið fé	26	35	353
Óráðstafað eigið fé		1.141	367
Eigið fé hluthafa móðurfélagsins		3.343	6.989
Hlutdeild minnihluta		0	3
Eigið fé samtals		3.343	6.992
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	28	5.697	14.431
Skuldbindingar	31	280	97
Langtímaskuldir		5.977	14.528
Vaxtaberandi skuldir	28	246	246
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	32	4.325	3.761
Fyrirframinnheimtar tekjur	30	1.081	913
Skuldbindingar	31	74	50
Skuldir flokkaðar til sölu	8	301	0
Skammtímaskuldir		6.027	4.970
Skuldir samtals		12.004	19.498
Eigið fé og skuldir samtals		15.347	26.490

Skýringar á blaðsíðum 10 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit ársins 2010

	Skýr.	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur hlutafjár	*Annað bundið eigið fé	Óráðstafað (ójafnað) eigið fé	Eigið fé hluthafa móður-félagsins	Hlutdeild minni-hluta	Eigið fé samtals
Eigið fé 1.1.2009		2.977	3.558	169	(31.823)	(25.119)	7	(25.112)
Þýðingarmunur				77		77		77
Tap ársins					(542)	(542)	(3)	(545)
Tap fært á eigið fé				77	(542)	(465)	(3)	(468)
Lækkun hlutafjár		(3.053)	4		3.049			
Fjárhagsleg endurskipulagning		6.345	26.340	107	(219)	32.573		32.573
Jöfnun ójafnaðs taps			(29.902)		29.902			
Hlutdeild minnihluta, breyting							(1)	(1)
Eigið fé 31.12.2009		6.269	0	353	367	6.989	3	6.992
Eigið fé 1.1.2010		6.269		353	367	6.989	3	6.992
Þýðingarmunur				(83)		(83)		(83)
Hagnaður ársins					784	784	(3)	781
Hagnaður færður á eigið fé				(83)	784	701	(3)	698
Útgefið hlutafé	26	71		(71)				
Áhrif skiptingar	7	(4.173)		(231)	72	(4.332)		(4.332)
Aðrar breytingar				67	(82)	(15)		(15)
Eigið fé 31.12.2010		2.167	0	35	1.141	3.343	0	3.343

* Sjá skýringu 26

Skýringar á blaðsíðum 10 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymisyfirlit árið 2010

	Skýr.	2010	2009
Rekstrarhreyfingar			
Handbært fé án vaxta og tekjuskatts	35	187	689
Innborgaðar vaxtatekjur		91	101
Greidd vaxtagjöld		(464)	(35)
Greiddur tekjuskattur		0	(15)
Handbært fé (til) frá rekstri		(186)	740
Fjárfestingarhreyfingar:			
Seldir rekstrarfjármunir		37	10
Seldir eignarhlutir í öðrum félögum	12	250	0
Seld aflögð starfsemi, að frádregnu afhentu handbæru fé		(432)	0
Kaup á dótturfélögum að frádregnu yfirteknu handbæru fé	9	354	0
Kaupverð rekstarfjármuna		(214)	(147)
Kaupverð óefnislegra eigna	19	(50)	(36)
Arðgreiðslur frá aflagðri starfsemi		528	0
Breytingar á viðskiptakröfum		(9)	1
Fjárfestingarhreyfingar		464	(172)
Fjármögnunarhreyfingar			
Kostnaður við útgáfu hlutafjár		0	(28)
Afborganir langtímalána		(722)	(743)
Skammtímaskuldir breyting		0	1.433
Fjármögnunarhreyfingar		(722)	662
Aflögð starfsemi:			
Handbært fé frá rekstri		-	2.055
Fjárfestingarhreyfingar		-	(1.005)
Fjármögnunarhreyfingar		-	(1.107)
Þýðingarmunur		-	28
Handbært fé til aflagðrar starfsemi			(29)
Breyting á handbæru fé		(444)	1.201
Handbært fé í ársbyrjun		1.476	274
Þýðingarmunur		(1)	1
Handbært fé í árslok		1.031	1.476
Fjárfestingar og fjármögnun án greiðsluáhrifa:			
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum		-	(412)
Vaxtaberandi skuldir, lántaka		-	12.849
Skammtímaskuldir		-	174
Nýtt hlutafé		-	31.888
Afborganir langtímaskulda		-	(44.743)

Skýringar á blaðsíðum 10 til 30 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Teymi hf. („Félagið") er með aðsetur á Íslandi. Höfuðstöðvar félagsins eru að Ármúla 2, Reykjavík. Samstæðuársreikningur félagsins fyrir árið 2010 hefur að geyma ársreikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er í heild til sem samstæðunnar.

Teymi hf. er eignarhaldsfélag á sviði upplýsingatækni.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Ársreikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Stjórn félagsins staðfesti ársreikninginn 30. mars 2011.

b. Grundvöllur matsaðferða

Samstæðuársreikningurinn er gerður á grundvelli kostnaðarverðs, að undanskildum fjáreignum á gangvirði í gegnum rekstrarreikning, sem færðir eru á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringu 4.

c. Starfrækslu- og framsetningarmiðill

Ársreikningur samstæðunnar er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í milljónum króna.

d. Mat og ákvarðanir

Gerð ársreiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og dragi ályktanir sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna og skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat á einstökum liðum og þeim forsendum sem það byggir á er endurskoðað reglulega. Breyting á reikningshaldslegu mati er færð þegar hún á sér stað og á síðari reikningsskilatímabilum ef matsbreytingin hefur einnig áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvægar ákvarðanir þar sem reikningsskilaaðferðir hafa mest áhrif á skráðar fjárhæðir í ársreikningnum er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 20 - mat á endurheimtanlegum fjárhæðum fjárskapandi eininga sem innihalda viðskiptavild
- skýring 22 - nýting yfirfæranlegs skattalegs taps
- skýring 31 - skuldbindingar
- skýring 38 - óvissa

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti fyrir öll þau tímabil sem koma fram í ársreikningi félagsins, þær eiga einnig við um öll dótturfélög samstæðunnar.

Samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi hafa verið endurgerðar með hliðsjón af aflagðri starfsemi (sjá skýringu 7).

a. Grundvöllur samstæðu

(i) Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til nýtanlegs atkvæðisréttar. Reikningsskil dótturfélaga eru innifalin í samstæðureikningsskilum félagsins frá því að yfirráð nást og þar til þeim lýkur.

(ii) Viðskipti felld út við gerð samstæðureiknings

Viðskipti milli félaga innan samstæðunnar, stöður milli þeirra og óinnleystar tekjur og gjöld sem myndast hafa í viðskiptum milli félaganna eru felld út við gerð ársreiknings samstæðunnar. Óinnleyst tap er fellt út með sama hætti og óinnleystur hagnaður, en aðeins að því marki að ekkert bendi til virðisrýrnunar.

b. Erlendir gjaldmiðlar

(i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir sem eru tilgreindar í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar miðað við gengi í lok ársins. Aðrar eignir og skuldir sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

(ii) Erlend starfsemi

Eignir og skuldir erlendrar starfsemi, að meðtalinni viðskiptavild, eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld erlendu starfseminnar eru umreiknuð í íslenskar krónur á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í íslenskar krónur er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu.

c. Fjármálagerningar

(i) Fjármálagerningar aðrir en afleiður

Samstæðan færir lán, kröfur og innborganir upphaflega á samningsdegi. Allar aðrar fjáreignir (þ.m.t. fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning) eru upphaflega færðar miðað við þann tímapunkt sem samstæðan gerist aðili að viðkomandi samningum.

Samstæðan afskráir fjáreign þegar samningsbundinn réttur til fjárstreymis af henni rennur út, eða rétturinn til að móttaka fjárstreymi tengt fjáreigninni ásamt áhættu við eignarhaldið er yfirfært til annars aðila. Öll hlutdeild í fjáreignum sem eru skapaðar af eða í eigu samstæðunnar er færð sérstaklega til eignar eða skuldar.

Fjáreignum og -skuldum er jafnað saman og nettó fjárhæðin sýnd í efnahagsreikningi þegar samstæðan hefur lagalegan rétt til að jafna saman fjárhæðunum og fyrirætlanir samstæðunnar eru að annað hvort gera samningana upp nettó eða á sama tíma.

Samstæðan á eftirfarandi fjármálagerninga sem ekki eru afleiður; lán og kröfur og fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

c. Fjármálagerningar, frh.:

Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning

Fjáreign er flokkuð sem fjáreign á gangvirði í gegnum rekstrarreikning sé hún tilgreind sem slík við upphaflega skráningu í bókhald. Fjáreignir eru tilgreindir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning ef ákvarðanir um kaup og sölu byggjast á gangvirði þeirra. Beinn viðskiptakostnaður er færður í rekstrarreikning þegar hann fellur til.

Lán og kröfur

Lán og kröfur eru fjáreignir með föstum eða ákvarðanlegum greiðslum sem ekki eru skráðar á virkum markaði. Slíkar eignir eru í upphafi færðar á gangvirði að viðbættum öllum tengdum viðskiptakostnaði. Eftir upphaflega skráningu eru lán og kröfur færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti, að frádreginni virðisrýrnun ef við á.

Lán og kröfur samanstanda af viðskiptakröfum og öðrum skammtímakröfum.

Handbært fé samanstendur af sjóði og bankainnstæðum sem bundnar eru til þriggja mánaða eða skemur.

(ii) Fjárskuldir aðrar en afleiður

Samstæðan skráir skuldabréf og víkjandi skuldir miðað við dagsetningar gerninganna. Allar aðrar fjárskuldir eru skráðar á viðskiptadegi, þ.e. þegar samstæðan gerist aðili að viðkomandi samningi.

Samstæðan afskráir fjárskuldir þegar hún er leyst undan samningi um þær, þeir afturkallaðir eða ef þeir renna út.

Fjáreignum og - skuldum er jafnað saman og nettó fjárhæðin sýnd í efnahagsreikningi þegar samstæðan hefur lagalegan rétt til að jafna saman fjárhæðunum og fyrirætlanir samstæðunnar eru að annað hvort gera samningana upp nettó eða á sama tíma.

Samstæðan ber eftirfarandi fjárskuldir sem ekki eru afleiður: lán, yfirdráttur í banka, viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.

Upphaflega eru slíkar fjárskuldir skráðar á gangvirði að viðbættum beinum viðskiptakostnaði. Í kjölfar upphaflegrar skráningar eru þessar fjárskuldir skráðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við virka vexti.

(iii) Hlutafé

Almennir hlutir

Hlutafé er flokkað sem eigið fé. Beinn kostnaður vegna útgáfu hlutafjár er færður til lækkunar á eigin fé, að frádregnum skattáhrifum.

Kaup á eigin hlutum

Þegar félagið kaupir eigin hluti er kaupverðið, að meðtöldum beinum kostnaði vegna þeirra, fært til lækkunar á eigin fé. Keyptir eigin hlutir eru flokkaðir sem eigin bréf og dragast frá almennu hlutafé. Þegar eigin hlutir eru seldir eða endurútgefnir er eigið fé hækkað og hagnaður eða tap af viðskiptunum fært á yfirverðsreikning og/eða óráðstafað eigið fé.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

d. Rekstrarfjármunir

(i) Færsla og mat

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði, að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun.

Kostnaðarverð rekstrarfjármuna felur í sér beinan kostnað við öflun viðkomandi eigna. Þegar keyptur hugbúnaður er mikilvægur hluti tækjabúnaðar er hann eignfærður sem hluti af þeim tækjabúnaði.

Þegar rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

Hagnaður eða tap af sölu rekstrarfjármuna er munurinn á söluverðinu og bókfærðu verði eignarinnar og er fært í rekstrarreikning meðal annarra tekna, en tap af sölu meðal annars rekstrarkostnaðar.

(ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta rekstarfjármuna er færður til eigna ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

(iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar og færðar í rekstrarreikning línulega miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna. Leigðar eignir eru afskrifaðar á leigutíma eða nýtingartíma ef hann er skemmri en leigutími.

Áætlaður nýtingatími greinist þannig:

Áhöld og tæki	2-13 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

e. Óefnislegar eignir

(i) Viðskiptavild

Viðskiptavild sem verður til við kaup á dótturfélögum er færð meðal óefnislegra eigna.

Viðskiptavild er mismunurinn á kostnað við yfirtökuna og gangvirði yfirtekinna eigna, skulda og óvissra skulda. Þegar neikvæð viðskiptavild myndast er hún tekjufærð strax í rekstrarreikningi.

Kaup af minnihlutaeigendum

Viðskiptavild sem myndast við kaup á hlutdeild minnihluta í dótturfélögum er mismunurinn á kostnaðarverði viðbótarfjárfestingarinnar og bókfærðu verði hreinna eigna sem keyptar eru, á kaupdegi.

Síðara mat

Viðskiptavild er færð á kostnaðarverði að frádreginni uppsafnaðri virðisrýrnun.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

(ii) Aðrar óefnislegar eignir

Aðrar óefnislegar eignir sem félagið hefur keypt og hafa takmarkaðan nýtingartíma eru færðar á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum og virðisrýrnun þar sem við á.

(iii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður sem fellur til síðar er einungis eignfærður ef hann eykur efnahagslegan framtíðarávinning sem felst í hinni tilteknu eign sem kostnaðurinn varðar. Annar kostnaður, þar á meðal vegna viðskiptavildar og vörumerkja, sem myndast hefur innan félagsins er færður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað.

(iv) Afskriftir

Afskriftir óefnislegra eigna, annarra en viðskiptavildar, eru færðar línulega í rekstrarreikning miðað við áætlaðan nýtingartíma þeirra. Afskriftartími hefst þegar eignirnar eru tilbúnar til notkunar. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Aðrar óefnislegar eignir	3-20 ár

Afskriftaaðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin í lok hvers uppgjörsárs og breytingar gerðar ef það er viðeigandi.

f. Leigðar eignir

Allir leigusamningar eru rekstrarleigusamningar og eru ekki færðir í efnahagsreikning samstæðunnar.

g. Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða hreinu söluvirði, hvoru sem lægra reynist. Kostnaðarverð birgða byggir á fyrst inn - fyrst út reglunni og innifelur kostnað sem fellur til við að afla birgðanna og koma þeim á þann stað og í það ástand sem þær eru í á uppgjörsdegi. Hreint söluvirði er áætlað söluverð í venjulegum viðskiptum að frádregnum áætluðum kostnaði við að selja vöru.

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir

Á hverjum uppgjörsdegi er kannað hvort til staðar sé hlutlæg vísbending um virðisrýrnun fjáreigna. Fjáreign telst vera virðisrýrð ef hlutlægar vísbendingar eru um að einn eða fleiri atburðir sem átt hafa sér stað benda til þess að vænt framtíðarsjóðstreymi af eignarinnar verði lægra en áður var talið.

Virðisrýrnun fjáreigna sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði er mismunurinn á bókfærðu verði þeirra annars vegar og núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi, miðað við upphaflega virka vexti, hins vegar. Virðisrýrnun fjáreigna til sölu er ákvarðað með hliðsjón af gangvirði þeirra á hverjum tíma. Einstakar mikilvægar fjáreignir eru prófaðar sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar. Aðrar fjáreignir eru flokkaðar saman eftir lánsáhættueinkennum og hver flokkur metinn sérstaklega með tilliti til virðisrýrnunar.

Samstæðan metur hættu á virðisrýrnun krafna bæði á grundvelli einstakra krafna og á grundvelli flokkunar krafna með tilliti til áhættueinkenna. Hætta á virðisrýrnun allra verulegra krafna eru metin sérstaklega. Þær kröfur sem ekki hafa orðið fyrir virðisrýrnun eru metnar sem heild og mat lagt á hvort að einhver virðisrýrnun hafi orðið. Við mat á kröfum eru flokkaðar saman kröfur sem hafa lík áhættueinkenni.

Þegar lagt er mat á virðisrýrnun flokka krafna er stuðst við söguleg gögn um líkur á greiðslufalli, innheimtutíma og fjárhæð tapaðra krafna, ásamt mati stjórnenda á efnahagslegum forsendum og því hvort líkur á töpuðum kröfum séu meiri eða minni en söguleg gögn bendi til.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

h. Virðisrýrnun

(i) Fjáreignir, frh.:

Öll virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning.

Virðisrýrnun er bakfærð ef unnt er að tengja bakfærsluna með hlutlægum hætti við atburð sem átt hefur sér stað eftir að virðisrýrnun var færð. Slík bakfærsla er færð í rekstrarreikning ef um er að ræða annað hvort fjáreignir sem færðar eru á afskrifuðu kostnaðarverði eða skuldabréf sem flokkuð eru sem fjáreignir til sölu. Bakfærsla virðisrýrnunar hlutabréfa, sem flokkuð eru sem sem fjáreignir til sölu, er færð beint á eigið fé.

(ii) Aðrar eignir

Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort eignir félagsins sem ekki teljast til fjáreigna, aðrar en birgðir og skatteign, kunni að hafa orðið fyrir virðisrýrnun. Ef vísbendingar eru til staðar um að virðisrýrnun hafi átt sér stað, er lagt mat á endurheimtanlega fjárhæð viðkomandi eigna. Virðisrýrnunarpróf eru gerð að minnsta kosti árlega á viðskiptavild og óefnislegum eignum sem hafa óendanlegan líftíma eða eru ekki enn tilbúnar til notkunar.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð eignar, eða þeirrar fjárskapandi einingar sem hún tilheyrir, er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun fjárskapandi einingar er fyrst færð til lækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar sem til staðar er innan viðkomandi einingar. Virðisrýrnun umfram viðskiptavild er svo hlutfölluð með hliðsjón af bókfærðu verði einstakra eigna hinnar fjárskapandi einingar og færð til lækkunar á þeim.

Virðisrýrnun er færð ef bókfært verð eignar, eða þeirrar fjárskapandi einingar sem hún tilheyrir, er hærra en endurheimtanleg fjárhæð. Virðisrýrnun er færð í rekstrarreikning. Virðisrýrnun fjárskapandi einingar er fyrst færð til lækkunar á bókfærðu verði viðskiptavildar sem til staðar er innan viðkomandi einingar. Virðisrýrnun umfram viðskiptavild er svo hlutfölluð með hliðsjón af bókfærðu verði einstakra eigna hinnar fjárskapandi einingar og færð til lækkunar á þeim.

Virðisrýrnun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Á hverjum reikningsskiladegi er lagt mat á hvort vísbendingar séu til staðar um að virðisrýrnun, sem færð hefur verið vegna annarra eigna en viðskiptavildar, eigi ekki lengur við. Virðisrýrnun er bakfærð ef breyting hefur orðið á því mati sem lá til grundvallar við ákvörðun endurheimtanlegrar fjárhæðar. Virðisrýrnun er aðeins bakfærð að því marki að bókfært verð eignar verði ekki hærra en það hefði verið á þeim degi sem bakfærsla er gerð ef engin virðisrýrnun hefði átt sér stað.

i. Hlunnindi starfsmanna

(i) Framlög í iðgjaldatengda lífeyrissjóði

Samstæðan greiðir föst iðgjöld vegna starfsmanna sinna til sjálfstæðra iðgjaldatengdra lífeyrissjóða. Samstæðan ber enga ábyrgð á skuldbindingum sjóðanna. Iðgjöldin eru gjaldfærð í rekstrarreikning meðal launa og launatengdra gjalda eftir því sem þau falla til.

(ii) Skammtímaréttindi starfsmanna

Skammtímaréttindi starfsmanna eru metin á óafvöxtuðum grundvelli og eru gjaldfærð þegar viðkomandi starf er innt af hendi.

Skuldbinding vegna launaauka eða ágóðahluta starfsmanna er færð í ársreikninginn ef félagið hefur lagalega eða ætlaða skuldbindingu til að greiða þessa fjárhæð vegna starfs sem áður var innt af hendi og hægt er að áætla skuldbindinguna með áreiðanlegum hætti.

(iii) Starfslokakostnaður

Starfslokakostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar samstæðan er sannanlega skuldbundin til að greiða skilgreindan kostnað vegna starfsloka fyrir eðlilegan starfslokatíma eða þegar starfslokagreiðslur eru boðnar til að greiða fyrir starfslokum. Starfslokakostnaður til að greiða fyrir starfslokum er gjaldfærður ef félagið hefur boðið greiðslur til að greiða fyrir starfslokum, ef líklegt er talið að tilboðinu verði tekið og hægt er að meta kostnaðinn með áreiðanlegum hætti. Ef starfslokagreiðslur eru til lengri tíma en eins árs eftir reikningsskiladag eru þær færðar til núvirðis.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

j. Skuldbindingar

Skuldbinding vegna íþyngjandi samnings er færð þegar áætlaður hagur samstæðunnar vegna samnings er lægri en óhjákvæmilegur kostnaður hennar við að uppfylla skuldbindingar samkvæmt honum.

(i) Íþyngjandi samningar

Skuldbinding vegna íþyngjandi samnings er færð þegar áætlaður hagur samstæðunnar vegna samnings er lægri en óhjákvæmilegur kostnaður hennar við að uppfylla skuldbindingar samkvæmt samningnum. Skuldbindingin er metin sem núvirði hvors sem lægra er af kostnaði við að loka samningi eða hreinum kostnaði við að efna hann. Áður en skuldbinding er færð færir samstæðan, ef við á, virðisrýrnun vegna eignarinnar sem samningurinn tengist.

k. Tekjur

(i) Vörusala

Tekjur af sölu á vörum eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða innheimtanleg, að frádregnum afsláttum. Tekjur eru færðar þegar meginhluti áhættu og ávinnings flyst til kaupanda, innheimta greiðslu er líkleg, hægt er að meta tengdan kostnað og vöruskil með áreiðanlegum hætti, engin áframhaldandi afskipti eru af vörunni og hægt er að meta tekjurnar með áreiðanlegum hætti.

(ii) Þjónusta

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörsdegi. Staða verks er metin með hliðsjón af vinnu sem lokið er.

(iii) Umboðslaun

Þegar félagið er umboðsaðili en ekki samningsaðili í viðskiptum eru tekjur færðar sem hrein umboðslaun félagsins.

l. Leigugreiðslur

Greiðslur vegna rekstrarleigusamninga eru færðar línulega í rekstrarreikning á leigutímanum.

m. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur samanstanda af vaxtatekjum, arðstekjum, söluhagnaði og hagnaði á gangvirði fjáreigna þar sem verðbreyting er færð í rekstrarreikning. Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning eftir því sem þær falla til og er miðað við virka vexti. Arðstekjur eru færðar í rekstrarreikning á þeim degi sem arðsúthlutun er samþykkt.

Fjármagnsgjöld samanstanda af vaxtakostnaði af lántökum, bakfærslu núvirðingar á tapi gangvirði fjáreigna og virðisrýrnun hluta fjáreigna. Lántökukostnaður er færður í rekstrarreikning miðað við virka vexti.

Gengismunur af erlendum gjaldmiðlum er færður nettó, eftir atvikum sem fjármunatekjur eða fjármagnsgjöld.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.:

n. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi samanstendur af tekjuskatti til greiðslu og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé eða í yfirlit um heildarafkomu, en þá er tekjuskatturinn færður á þá liði. Tekjuskattur til greiðslu er tekjuskattur sem áætlað er að komi til greiðslu á næsta ári vegna skattskylds hagnaðar ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörsdegi, auk leiðréttinga á tekjuskatti til greiðslu vegna fyrri ára.

Frestaður tekjuskattur er færður með notkun efnahagsreikningsaðferðarinnar vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikninginum annars vegar og skattverði þeirra hins vegar. Frestaður tekjuskattur er ekki færður vegna fjárfestinga í dótturfélögum. Tekjuskattsskuldbinding er ekki færð vegna viðskiptavildar sem ekki er frádráttarbær skattalega.

Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörsdegi. Skatteignum og tekjuskattsskuldbindingum er jafnað saman þegar lagalegur réttur er til þess, þau varða tekjuskatt sem lagður er á af sömu yfirvöldum á sama fyrirtæki eða mismunandi fyrirtæki sem eru samsköttuð og gert er ráð fyrir að muni greiða skatta sameiginlega.

Skatteign er einungis færð að því marki sem líklegt er að hægt sé að nýta framtíðarhagnað á móti eigninni. Skatteign er metin á hverjum uppgjörsdegi og lækkuð að því marki sem talið er að hún komi til með að nýtast.

o. Hagnaður (tap) á hlut

Í ársreikningnum er sýndur hagnaður á hlut fyrir almenna hluti í félaginu. Hagnaður (tap) á hlut er hlutfall afkomu, sem ráðstafað er til hluthafa í móðurfélaginu, og vegins meðaltals hluta á árinu.

p. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er hluti samstæðunnar sem fæst við viðskipti og er fær um að afla tekna og stofna til gjalda, að meðtöldum tekjum og gjöldum vegna viðskipta við aðra hluta samstæðunnar. Afkoma allra starfsþátta samstæðunnar er reglulega yfirfarin af forstjóra til að ákvarða hvernig eignum hennar er skipt á starfsþætti og til að meta frammistöðu þeirra.

q. Nýir reikningsskilastaðlar og túlkanir á þeim sem ekki hafa verið innleiddir

Ýmsir nýir reikningsskilastaðlar, breytingar á núgildandi stöðlum og túlkanir á þeim eru í gildi fyrir uppgjörstímabil sem hefjast eftir 1. janúar 2010 en hafa ekki verið teknir upp við gerð samstæðuársreikningsins. Áhrif þess á reikningsskil félagsins hafa ekki verið metin.

4. Ákvörðun gangvirðis

Nokkrar reikningsskilaaðferðir samstæðunnar og skýringar krefjast ákvörðunar á gangvirði, bæði fyrir fjáreignir, fjárskuldir og aðrar eignir og skuldir. Gangvirði hefur verið ákvarðað vegna mats og/eða skýringa samkvæmt eftirfarandi aðferðum. Þar sem við á eru frekari upplýsingar um forsendur við ákvörðun á gangvirði eigna eða skulda í skýringum um viðkomandi eignir og skuldir.

a. Óefnislegar eignir

Gangvirði vörumerkja sem samstæðan hefur eignast við samruna byggist á áætluðu núvirtu virði höfundarréttargreiðslna sem samstæðan kemst hjá því að greiða með því að eiga eða nýta viðkomandi vörumerki. Gangvirði annarra óefnislegra eigna er byggt á núvirtu væntu framtíðarsjóðstreymi tengdu notkun þeirra.

b. Fjárfestingar í eignarhlutum

Gangvirði eignarhluta er ákvarðað miðað lokaverð í kauphöll ef um er að ræða skráð félög á virkum markaði, en ef um óskráð félög er að ræða er notast við verðmatsaðferðir.

5. Stýring fjárhagslegrar áhættu

Yfirlit

Eftirfarandi áhættur fylgja fjármálagerningum samstæðunnar:

- lánsáhætta
- lausafjáráhætta
- markaðsáhætta

Hér eru veittar upplýsingar um framangreindar áhættur, markmið, stefnu og aðferðir samstæðunnar við að meta og draga úr áhættunni. Að auki eru veittar tölulegar upplýsingar víða í ársreikningnum.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á að innleiða og hafa eftirlit með áhættustýringu samstæðunnar. Markmið samstæðunnar með áhættustýringu er að uppgötva og greina áhættu sem hún býr við, setja viðmið um áhættutöku og hafa eftirlit með henni. Áhættustefna samstæðunnar og aðferðir eru yfirfarin reglulega til að greina breytingar á markaði og starfsemi samstæðunnar. Með þjálfun starfsmanna og starfsreglum stefnir samstæðan að öguðu eftirliti þar sem allir starfsmenn eru meðvitaðir um hlutverk sitt og skyldur.

Lánsáhætta

Lánsáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Lánsáhætta samstæðunnar er einkum vegna viðskiptakrafna.

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Lánsáhætta samstæðunnar ræðst einkum af fjárhagsstöðu og starfsemi einstakra viðskiptamanna.

Áhætta af töpuðum kröfum og öðrum fjárfestingum er metin og niðurfærsla færð í samræmi við það ef ástæða er til. Niðurfærslan er aðallega tilkomin vegna mats á einstökum kröfum og heildarmati á stærri flokkum eigna. Uppsöfnuð niðurfærsla grundvallast á sögulegum gögnum um tölfræði greiðslna vegna líkra fjáreigna.

5. Stýring fjárhagslegrar áhættu, frh.:

Ábyrgðir

Það er stefna samstæðunnar að veita aðeins ábyrgðir til dótturfélaga í 100% eigu.

Lausafjáráhætta

Lausafjáráhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárhagsskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið félagsins er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla og forðast þannig að skaða orðspor samstæðunnar.

Samstæðan notar fjárstýringarkerfi til að fylgjast með fjárþörf og hámarka ávöxtun fjárfestinga sinna. Miðað er við að til sé nægt handbært fé til að mæta rekstrarkostnaði fyrir 60 daga tímabil að jafnaði.

Í lánasamningum samstæðunnar er kveðið á um að 50% af handbæru fé samstæðunnar sem er umfram 150 millj. kr. í árslok verði ráðstafað til niðurgreiðslu á höfuðstól langtímalána samstæðunnar.

Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar í markaðsverði erlendra gjaldmiðla, vaxta og gengi hlutabréfa hafi áhrif á afkomu samstæðunnar eða virði fjárfestinga hennar í fjármálagerningum. Markmið með stýringu markaðsáhættu er að stýra og takmarka áhættu við skilgreind mörk, jafnframt því sem ábati er hámarkaður.

(i) Gjaldmiðlagengisáhætta

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölu, innkaupa og lántöku í öðrum gjaldmiðlum en starfrækslugjaldmiðlum einstakra samstæðufélaga.

Á hverjum tíma ver samstæðan hluta af áætlaðri gjaldmiðlagengisáhættu sinni, eins og mögulegt er, með tilliti til væntrar sölu og innkaupa 6 mánuði fram í tímann.

Hvað varðar aðrar peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum, leitast samstæðan við að tryggja að áhætta sé innan ásættanlegra marka með því að kaupa og selja erlendan gjaldeyri á stundargengi þegar mögulegt er, í þeim tilgangi að takmarka skammtíma ójafnvægi.

Gjaldmiðlagengisáhætta vegna lántöku samstæðunnar er talin óveruleg eftir endurfjármögnun langtímalána Teymis hf. í mars 2011 (sjá skýringu 29).

(ii) Vaxtaáhætta

Lántökur samstæðunnar eru nær allar með breytilegum vöxtum.

6. Starfsþáttayfirlit

Upplýsingar um starfsþætti eru birtar í samræmi við rekstrarstarfsþætti samstæðunnar. Framsetning starfsþátta er í samræmi við eðli starfseminnar og byggir á stjórnendaupplýsingum og innra skipulagi á framsetningu fjárhagsupplýsinga. Vegna skiptingar á Og fjarskiptum ehf. (sjá skýringu 7) hefur fjarskiptastarfsþátturinn verið aflagður og þar með er upplýsingatækni eini starfsþáttur samstæðunnar.

Landfræðilegar upplýsingar

Landfræðileg skipting eigna er eftirfarandi í árslok 2010:

Ísland	7.919
Svíþjóð	3.915
Noregur	3.160
Bandaríkin	353

7. Aflögð starfsemi

Í skýrslu stjórnar á blaðsíðu 3 í ársreikningnum er vísað til skiptingar á Og fjarskiptum ehf. Eignarhaldsfélagið Fjarskipti ehf. yfirtók allar eignir og skuldir Og fjarskipta ásamt hluta af eigin fé þess eins og kemur fram hér að neðan. Rekstur þess hluta sem Eignarhaldsfélagið Fjarskipti ehf. tók yfir, fyrir árið 2009, kemur fram í samanburðartölum í rekstrarreikningi sem hagnaður af aflagðri starfsemi.

Hagnaður af aflagðri starfsemi er eftirfarandi:

	2010	2009
Tekjur	12.641	13.515
Gjöld	(11.455)	(12.269)
Rekstrarafkoma	1.186	1.246
Hrein fjármagnsgjöld	(867)	(1.632)
Tekjuskattur	36	675
Hagnaður ársins	355	289

Áhrif aflagðrar starfsemi á fjárhagsstöðu samstæðunnar í árslok 2010:

Rekstrarfjármunir	(4.802)
Óefnislegar eignir	(6.843)
Aðrar fjárfestingar	(3)
Skatteign	(1.309)
Birgðir	(126)
Viðskiptakröfur	(2.757)
Handbært fé	(980)
Langtímalán	9.416
Skammtímalán	758
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2.314
Samtals eignir og skuldir færðar út við skiptingu	(4.332)

8. Eignir flokkaðar til sölu

Dótturfélagið Kögun USA Inc. er flokkað sem eign til sölu eftir að stjórnendur samstæðunnar tóku þá ákvörðun að setja félagið í söluferli. Söluferli er hafið og mun halda áfram á árinu 2011. Í árslok 2010 námu eignir Kögun USA Inc. til sölu 353 millj. kr. að frádregnum skuldum að fjárhæð 301 millj. kr.

9. Fjárfestingar í dótturfélögum

Í árslok öðlaðist samstæðan yfirráð yfir Hands Holding hf., eignarhaldsfélag um upplýsingatæknifélög í Svíþjóð og Noregi, með því að auka hlut sinn úr 45,7% í 100%.

Hefði yfirtakan átt sér stað í upphafi árs 2010 er það mat stjórnenda að tekjur samstæðunnar hefðu verið 12.600 millj. kr. hærri.

Kaupin höfðu eftirfarandi áhrif á eignir og skuldir samstæðunnar á yfirtökudegi:

Rekstrarfjármunir	243
Óefnislegar eignir	2.675
Aðrar fjárfestingar	1
Langtímakröfur	188
Skatteign	719
Birgðir	43
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	3.345
Handbært fé	367
Eignir flokkaðar til sölu	353
Langtímalán	(1.730)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	(2.546)
Fyrirframinnheimtar tekjur	(878)
Skuldbindingar	(254)
Skuldir flokkaðar til sölu	(301)
Hrein eign	2.225
Kaupverð, greitt með handbæru fé	(13)
Yfirtekið handbært fé	367
Hreint innstreymi handbærs fjár	354

Úthlutun kaupverðs er ólokið en stjórnendur reikna með að því ljúki eigi síðar en í júní 2011. Hrein eign að frádregnu kaupverði greiddu með handbæru fé, samtals 2.212 millj. kr., hefur verið færð til tekna í rekstrarreikningi (sjá skýringu 13).

10. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Samstæða	
	2010	**2009**
Laun	3.704	3.997
Lífeyrissjóðsiðgjöld	360	412
Önnur launatengd gjöld	581	505
Samtals	4.645	4.914
Stöðugildi að meðaltali á árinu	533	564

11. Laun og launatengd gjöld skiptast þannig á rekstrarliði:

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	3.607	3.443
Sölu- og markaðskostnaður	438	320
Stjórnunarkostnaður	600	1.151
Samtals laun og launatengd gjöld	4.645	4.914

12. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2010	2009
Vaxtatekjur af veltufjármunum	88	355
Aðrar vaxtatekjur	0	2
Nettó gengishagnaður	1	61
Söluhagnaður eignarhluta	250	0
Fjármunatekjur	339	418
Vaxtagjöld af langtímaskuldum	(414)	(1.277)
Vaxtagjöld af skammtímaskuldum	(56)	(229)
Breytingar á gangvirði afleiðusamninga	0	(27)
Virðisrýrnun annarra fjárfestinga	0	(307)
Fjármagnsgjöld	(470)	(1.840)
Hrein fjármagnsgjöld samtals	(131)	(1.422)

Í júní 2010 seldi Teymi hf. 51% hlut sinn í IP fjarskiptum ehf. og nam söluhagnaður 250 millj. kr.

13. Í kjölfar skiptingar Dagsbrúnar hf. í 365 hf., Kögun hf, Hands Holding hf. og Teymi hf. á árinu 2006, bar félagið skiptingarábyrgð á ákveðnum skuldbindingum forvera sinna ásamt 365 hf. og Hands Holding hf. Vegna þessa gjaldfærði Teymi hf. 8.079 millj. kr. á árunum 2008 og 2009 vegna ábyrgða fyrir þriðja aðila. Þessar skuldbindingar voru innifaldar í nauðasamningi Teymis hf. við lánardrottna sína á árinu 2009 og í kjölfar samþykktar nauðasamningsins eru þær uppgerðar. Í desember 2010 öðlaðist Teymi hf. full yfirráð yfir Hands Holding hf. með því að auka hlut sinn úr 45,7% í 100%. Við yfirtökuna hafa 2.212 millj. kr. verið færðar til tekna sem bakfærsla á áður gjaldfærðum ábyrgðarkostnaði (sjár skýr. 9).

14. Tekjuskattur

Tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:	2010	2009
Frestaður tekjuskattur:		
Breyting tímabundins mismunar	1.212	(230)
Mismunur á áætluðum og álögðum sköttum	(14)	(7)
Áhrif af breytingum á skattahlutfalli	(43)	(410)
Niðurfærsla skattinneignar	519	(547)
	1.674	(1.194)
Samtals tekjuskattur færður í rekstrarreikning	1.674	(1.194)

Virkur tekjuskattur greinist þannig:	2010	2010	2009	2009
Hagnaður (Tap) fyrir tekjuskatt		2.100		(2.028)
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	18,0%	378	15,0%	(304)
Áhrif af breytingu skatthlutfalls	(2,0%)	(43)	20,2%	(410)
Leiðréttingar vegna fyrri tímabila	(0,7%)	(14)	0,3%	(7)
Ófrádráttarbær gjöld	57,5%	1.208	(3,9%)	80
Óskattskyldar tekjur	(18,9%)	(397)	0,0%	0
Niðurfærsla á skatteign	24,7%	519	27,0%	(547)
Aðrir liðir	1,1%	23	0,3%	(6)
	79,7%	1.674	58,9%	(1.194)

15. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Fasteignir	Fjarskipta-búnaður	Aðrar eignir	Samtals
Kostnaðarverð				
Heildarverð 1.1.2009	51	9.132	2.287	11.470
Aðrar viðbætur	0	659	217	876
Selt og niðurlagt	0	(258)	(211)	(469)
Áhrif gengisbreytinga	0	408	85	493
Heildarverð 31.12.2009	51	9.941	2.378	12.370
Heildarverð 1.1.2010	51	9.941	2.378	12.370
Aðrar viðbætur	0	0	220	220
Selt og niðurlagt	(51)	(9.941)	(939)	(10.931)
Áhrif gengisbreytinga			243	243
Heildarverð 31.12.2010	0	0	1.902	1.902
Afskriftir og virðisrýrnun				
Afskriftir 1.1.2009	5	3.975	1.316	5.296
Afskriftir ársins	2	972	429	1.403
Selt og niðurlagt á árinu	0	(256)	(202)	(458)
Áhrif gengisbreytinga	0	380	47	427
Afskriftir 31.12.2009	7	5.071	1.590	6.668
Afskriftir 1.1.2010	7	5.071	1.590	6.668
Afskriftir ársins	0	0	208	208
Selt og niðurlagt á árinu	(7)	(5.071)	(593)	(5.671)
Afskriftir 31.12.2010	0	0	1.205	1.205
Bókfært verð				
1.1.2009	46	5.157	971	6.174
31.12.2009	44	4.870	788	5.702
31.12.2010	0	0	697	697
Afskriftarhlutföll			8-67%	

16. Vátryggingarverð

Vátryggingarverðmæti annarra eigna nam 1.963 millj. í árslok.

17. Afskriftir í rekstrarreikningi greinast þannig:

	2010	2009
Afskriftir af varanlegum rekstrarfjármunum, sbr. skýring 15	208	266
Afskriftir af óefnislegum eignum, sbr. skýring 19	170	180
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	378	446

18. Afskriftir skiptast þannig á rekstrarliði:

Kostnaðarverð seldra vara og þjónustu	186	156
Sölu- og markaðskostnaður	16	21
Stjórnunarkostnaður	176	269
Fært í rekstrarreikning sem afskriftir	378	446

19. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Viðskiptavild	Aðrar óefnislegar eignir	Samtals
Kostnaðarverð			
Heildarverð 1.1.2009	19.427	5.961	25.388
Viðbætur á árinu	0	279	279
Selt og niðurlagt á árinu	(74)	(311)	(385)
Áhrif gengisbreytinga	60	49	109
Heildarverð 31.12.2009	19.413	5.978	25.391
Heildarverð 1.1.2010	19.413	5.978	25.391
Viðbætur á árinu	0	50	50
Yfirtekið við kaup á dótturfélögum	2.278	382	2.660
Selt og niðurlagt á árinu	(9.155)	(2.425)	(11.580)
Heildarverð 31.12.2010	12.536	3.985	16.521
Afskriftir og virðisrýrnun			
Afskriftir 1.1.2009	10.910	3.112	14.022
Afskriftir ársins	8	487	495
Virðisrýrnun óefnislegra eigna	64	0	64
Selt og niðurlagt á árinu	(74)	(308)	(382)
Áhrif gengisbreytinga	20	29	49
Afskriftir 31.12.2009	10.928	3.320	14.248
Afskriftir 1.1.2010	10.928	3.320	14.248
Afskriftir ársins	0	170	170
Selt og niðurlagt á árinu	(3.348)	(1.444)	(4.792)
Afskriftir 31.12.2010	7.580	2.046	9.626
Bókfært verð			
1.1.2009	8.517	2.849	11.366
31.12.2009	8.485	2.658	11.143
31.12.2010	4.956	1.939	6.895

20. Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðsskapandi einiga sem innihalda viðskiptavild

Í lok reikningsársins var framkvæmt virðisrýrnunarpróf á viðskiptavild félagsins. Við mat á virðisrýrnun er notað vænt fjárstreymi sem fært hefur verið til núvirðis.

Endurheimtanleg fjárhæð hverrar sjóðskapandi einingar var metin út frá notkunarvirði og ákvörðuð af óháðum matsaðilum. Bókfært verð reyndist vera lægra en notkunarvirði og þar af leiðandi er ekki um virðisrýrnun að ræða (2009: virðisrýrnun að fjárhæð 64 millj. kr.)

Notkunarvirði var ákvarðað á þann hátt að núvirða framtíðarfjárstreymi út frá áframhaldandi nýtingu eignanna og ákvarðað á sambærilegan hátt og á árinu 2009, byggt var á eftirtöldum forsendum:

Fjárstreymi var áætlað í samræmi við rauntölur rekstrar og rekstraráætlun næstu 5 ára. Fjárstreymi til framtíðar var áætlað miðað við stöðugt vaxtarhlutfall.

Áætlaður raunvöxtur yfir áætlunartímabilið 2011 til 2015 var 8% (2009: 7% fyrir árin 2010-2014).

20. Virðisrýrnunarpróf vegna sjóðsskapandi einninga sem innihalda viðskiptavild, frh.:

Framtíðarvöxtur var áætlaður 2,0 - 3,5% á ári (2009; 4%). Matið var byggt á tölfræðilegri greiningu á langtíma verðþróun á markaði, leiðrétt í ljósi reynslu.

Veginn meðalkostnaður fjármagns sem notaður var til að ákvarða endurheimtanlega fjárhæð einninga vegna starfsemi á Íslandi var 16-17% (2009: 17-20%) og 13-14% vegna erlendrar starfsemi (2009: 13%). Fjármagnskostnaðurinn var áætlaður á grundvelli meðalfjármagnskostnaðar fyrir starfsemina.

21. Eignahlutir í félögum

Bókfært verð eignarhluta samstæðunnar í níu öðrum félögum nemur 6 millj .kr.

22. Skatteign

Skatteign greinist þannig:

	2010	2009
Rekstrarfjármunir	(337)	(216)
Óefnislegar eignir	0	(12)
Langtímakröfur	0	1.038
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	(82)	46
Langtímaskuldir	0	7
Viðskiptaskuldir að aðrar skammtímaskuldir	0	26
Yfirfæranlegt skattalegt tap	1.478	2.509
Aðrir liðir	84	(3)
Skatteign samtals	1.143	3.395

23. Birgðir

Birgðir í árslok samanstanda af tölvubúnaði til sölu.

24. Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur

Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig:

Viðskiptakröfur	3.541	3.823
Óreikningsfærð þjónusta	0	444
Aðrar skammtímakröfur	1.203	409
Niðurfærslureikningur krafna	(86)	(367)
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur samtals	4.658	4.309

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Niðurfærslan endurspeglar ekki endanlega tapaðar kröfur.

25. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:

Óbundnar bankainnistæður	568	1.475
Veðsettar bankainnstæður	155	0
Markaðsverðbréf	308	1
Handbært fé samtals	1.031	1.476

26. Eigið fé

Hlutafé og yfirverðsreikningur hlutafjár

Hlutafé Teymis samkvæmt samþykktum nemur 2.167 millj. kr. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Í desember 2010 var ákveðið á hluthafafundi að auka hlutafé félagsins um 71 millj. kr. að nafnverði vegna uppgjörs á hluta af kröfum sem féllu undir nauðasamning félagsins á árinu 2009. Fjárhæðin hefur verið dregin frá bundnu eigin fé vegna nauðasamninga (sjá að neðan). Þann 30. desember var hlutafé félagsins lækkað um 4.173 millj. kr. að nafnverði vegna skiptingar félagsins, þegar eignarhlutur Teymis í Og fjarskiptum ehf. fluttist yfir í nýtt félag (sjá skýr. 7).

Þýðingarmunur

Þýðingarmunur sem verður til við umreikning reikningsskila erlends dótturfélags í íslenskar krónur er færður beint á sérstakan lið meðal eigin fjár. Ef erlend starfsemi er lögð niður, að hluta eða öllu leyti, er eiginfjárliðurinn leystur upp í gegnum rekstrarreikning.

Annað eigið fé greinist þannig:	2010	2009
Bundið eigið fé vegna nauðasamninga	36	107
Þýðingarmunur	(1)	246
Annað eigið fé samtals	35	353

27. Hagnaður á hlut

Grunnhagnaður á hlut er miðaður við hagnað, sem ráðstafað er til hlutahafa í félaginu og vegins meðaltals virks hlutafjár á tímabilinu og sýnir hver hagnaðurinn er á hverja krónu hlutafjár. Þynntur hagnaður á hlut er hinn sami og grunnhagnaður á hlut, þar sem engin áhrif eru vegna útgefinna kauprétta til starfsmanna og félagið hefur ekki tekið lán sem eru breytanleg í hlutafé.

	2010	2009
Hagnaður (tap) á hlut		
Hagnaður (tap) til hluthafa í félaginu	781	(545)
Útgefnir hlutir í ársbyrjun	6.269	2.977
Áhrif hlutafjárútgáfu	2	1.129
Áhrif skiptingar	(6)	0
Vegið meðaltal hlutafjár	6.265	4.106
Hagnaður (tap) á útistandandi hlut	0,12	(0,13)

Vaxtaberandi skuldir

28. Vaxtaberandi langtímaskuldir:

Skuldir við lánastofnanir	5.697	14.424
Aðrar langtímaskuldir	0	7
Samtals	5.697	14.431

Vaxtaberandi skuldir meðal skammtímaskulda:

Næsta árs afborgun langtímalána	174	201
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	72	13
Aðrar skammtímaskuldir	0	32
Samtals	246	246
Samtals vaxtaberandi skuldir	5.943	14.677

Vaxtaberandi skuldir, frh..:

29. Skilmálar og endurgreiðslutími:

		2010		2009	
	Gjaldmiðill	**Meðalvextir**	**Eftirstöðvar**	**Meðalvextir**	**Eftirstöðvar**
Skuldir við lánastofnanir	ISK	6,6%	4.247	10,9%	14.076
Skuldir við lánastofnanir	SEK	3,5%	576	-	-
Skuldir við lánastofnanir	CHF	5,5%	451	-	-
Skuldir við lánastofnanir	EUR	6,1%	190	-	-
Skuldir við lánastofnanir	USD	5,7%	175	-	-
Skuldir við lánastofnanir	JPY	5,6%	154	-	-
Skuldir við lánastofnanir	DKK	-	0	7,9%	499
Aðrar langtímaskuldir	ISK	9,3%	8	8,0%	50
Aðrar langtímaskuldir	Myntkarfa	6,0%	70	2,1%	39
			5.871		14.664
Yfirdráttur	NOK	5,0%	72	-	-
Yfirdráttur	DKK	-	0	7,4%	13
Samtals			5.943		14.677

Afborganir af langtímalánum greinast þannig á næstu ár:

Afborganir 2011	174
Afborganir 2012	753
Afborganir 2013	114
Afborganir 2014	114
Afborganir 2015	1.253
Afborganir síðar	3.463
Samtals	5.871

Í mars 2011 voru langtímalán félagsins hjá NBI hf. endurfjármögnuð að fullu. Lán að fjárhæð 5.300 millj. kr. voru að fullu greidd upp með fjórum nýjum lánum. Miðast afborganaferlið hér að ofan við skilmála hinna nýju lána. Skilmálar nýju lánanna eru þannig:

	Gjaldmiðill	**Meðalvextir**	**Fjárhæð**
Skuldir við lánastofnanir	ISK	7,0%	4.269
Skuldir við lánastofnanir	EUR	5,7%	1.120
Samtals			5.389

30. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur tengjast innheimtu áður en vinnu er lokið, þjónustusamningum og öðrum fyrirframgreiðslum.

31. Skuldbindingar vegna íþyngjandi samninga

Samstæðan hefur gert óuppsegjanlega leigusamninga um skrifstofuhúsnæði og vegna breytinga á starfseminni hefur notkun þessa húsnæðis að hluta verið hætt í árslok. Markaðsaðstæður hafa valdið því að leigutekjur eru lægri en leigukostnaður. Núvirt skuldbinding vegna framtíðarleigugreiðslna, að frádregnum áætluðum leigutekjum, hefur verið færð til skuldar að fjárhæð 354 millj. kr., þar af eru 74 millj. kr. flokkaðar meðal skammtímaskulda.

32. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir greinast þannig:

	2010	**2009**
Viðskiptaskuldir	2.099	1.979
Aðrar skammtímaskuldir	2.226	1.782
Samtals	4.325	3.761

33. Fjármálagerningar

Lánsáhætta

Mögulegt tap vegna lánsáhættu

Mesta mögulegt tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem var eftirfarandi í árslok:

		Bókfært verð	
	Skýr.	**2010**	**2009**
Fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning	21	6	10
Lán og kröfur	24	4.658	4.309
Handbært fé	25	1.031	1.476
		5.695	5.795

Mesta mögulega tap á viðskiptakröfum skiptist með eftirfarandi hætti eftir landsvæðum:

Ísland	1.261
Svíþjóð	2.444
Noregur	901
Önnur Evrópulönd	40
Önnur lönd	12
	4.658

Virðisrýrnun viðskiptakrafna

Aldur viðskiptakrafna var eftirfarandi í árslok

	Nafnverð 2010	**Niðurfærsla 2010**	**Nafnverð 2009**	**Niðurfærsla 2009**
Ógjaldfallið	3.071	(16)	3.333	(101)
Gjaldfallið innan 60 daga	287	(1)	382	(54)
Gjaldfallið fyrir 61-90 dögum	48	(1)	124	(16)
Gjaldfallið fyrir 91 - 180 dögum	38	(15)	285	(109)
Gjaldfallið fyrir 181 - 360 dögum	58	(18)	38	(26)
Eldra en eins árs	39	(35)	105	(61)
	3.541	(86)	4.267	(367)

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna á árinu greinast þannig:

	2010	**2009**
Staða 1.1	367	385
Áhrif skiptingar	(258)	0
Nettó breyting niðurfærslu	(23)	(18)
Staða 31.12	86	367

Það er álit stjórnenda að miðað við söguleg gögn sé ofangreind niðurfærsla fullnægjandi hvað varðar ógjaldfallnar viðskiptakröfur eða 30 daga gjaldfallnar kröfur. Verulegur hluti þessara krafna er á viðskiptamenn sem hafa góða greiðslusögu hjá samstæðunni.

Lausafjáráhætta

Vegna endurfjármögnunar á meirihluta vaxtaberandi skulda samstæðunnar í mars 2011, hafa stjórnendur ákveðið að sýna ekki eftirstöðvagreiningu fjárskulda, þ.m.t. vænt vaxtagjöld, í ársreikningnum.

33. Fjármálagerningar, frh.:

Gjaldmiðlagengisáhætta

Gjaldmiðlagengisáhætta samstæðunnar í árslok er þannig:

	SEK	NOK	DKK	USD
Viðskiptakröfur	2.444	901	5	9
Handbært fé	141	143	82	3
Viðskiptaskuldir	(2.933)	(1.140)	(275)	(315)
Nettó áhætta	(348)	(96)	(188)	(303)

	EUR	JPY	CHF	Aðrar
Viðskiptakröfur	18			21
Handbært fé	37			32
Viðskiptaskuldir	(314)	(154)	(451)	(54)
Nettó áhætta	(259)	(154)	(451)	(1)

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á árinu:	Meðalgengi	Árslokagengi
SEK	17,0	17,1
NOK	20,2	19,6
DKK	21,7	20,6
USD	122,0	114,8
EUR	161,9	153,4
JPY	1,4	1,4
CHF	117,2	122,6

Næmnigreining

Styrking krónunnar um 10% gagnvart öðrum gjaldmiðlum hefði aukið eigið fé og hagnað um 180 millj. kr. að öðrum forsendum óbreyttum. Veiking krónunnar um 10% hefði haft sömu áhrif í gagnstæða átt.

Vaxtaáhætta

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru að mestu leyti með breytilegum vöxtum. Þar sem endurfjármögnun á meirihluta vaxtaberandi skulda samstæðunnar fór fram í mars 2011 hafa stjórnendur ákveðið að birta ekki næmnigreiningu vaxta í ársreikningnum.

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Mismunur á gangvirði og bókfærðu verði fjáreigna og fjárskulda er talinn óverulegur.

34. Rekstrarleiga

Leiga sem leigutaki

Óuppsegjanlegir leigusamningar greinast þannig:	2010	2009
Minna en eitt ár	248	338
Eftir 1-5 ár	840	1.128
Eftir 5 ár	582	946
	1.670	2.412

Samstæðan hefur gert rekstrarleigusamninga um ýmsar eignir. Leigutíminn er yfirleitt sjö til fimmtán ár með möguleika á endurnýjun að honum loknum. Greiðslur samkvæmt leigusamningunum eru verðtryggðar miðað við vísitölu neysluverðs. Sérhver leigusamninganna er óuppsegjanlegur.

Samstæðan hefur gert rekstarleigusamninga um fjölda bifreiða. Leigutíminn er almennt til þriggja ára með möguleika á endurnýjun að samningstímanum loknum. Samningarnir eru uppsegjanlegir gegn greiðslu.

Á árinu 2010 voru gjaldfærðar 616 millj. kr. vegna rekstrarleigusamninga (2009: 580 millj. kr).

35. Sjóðstreymisyfirlit

Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt samkvæmt sjóðstreymisyfirliti greinist þannig:

	2010	2009
Hagnaður (tap) ársins	781	(545)
Leiðrétt fyrir:		
Afskriftir	208	266
Afskriftir óefnislegra eigna	170	180
Virðisrýrnun viðskiptavildar	0	64
Söluhagnaður (sjá skýr. 12)	(250)	2
Hrein fjármagnsgjöld	381	1.420
(Bakfærsla kostnaðar) kostnaður vegna Hands Holding hf. (sjá skýr. 13)	(2.212)	163
Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	(15)	(3)
Tekjuskattur (sjá skýringu 14)	1.674	(1.194)
Áhrif aflagðrar starfsemi (sjá skýringu 7)	(355)	(289)
Birgðir	(64)	78
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur, breyting	279	52
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir, breyting	(410)	495
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	187	689

36. Tengdir aðilar

Skilgreining tengdra aðila

Hluthafar sem ráða eða hafa veruleg áhrif á starfsemi félagsins, dótturfélög, stjórnarmenn og lykilstjórnendur teljast til tengdra aðila. Eignarhaldsfélagið Vestia ehf. á 61% hlut í félaginu, en félagið er dótturfélag NBI hf. NBI hf. er í eigu íslenska ríkisins.

Viðskipti við tengda aðila

Hluti af þeim aðilum sem skilgreindir hafa verið sem tengdir aðilar hafa átt í almennum viðskiptum við félagið og hafa þau verið á armslengdarkjörum. Í árslok 2010 námu skuldir félagsins við NBI hf. alls 4.327 millj. kr. Á árinu námu vaxtagjöld vegna skulda við NBI hf. alls 316 millj. kr. og vaxtatekjur af innstæðum í NBI hf. námu 75 millj. kr.

Viðskipti við stjórnendur og lykilstarfsmenn

Laun og hlunnindi stjórnenda vegna starfa fyrir samstæðuna á árinu námu 202 millj. kr. (2009: 618 millj. kr., þar af nam starfslokakostnaður 174 millj. kr.)

37. Aðilar samstæðunnar

Félagið á fjögur dótturfélög sem öll eru innifalin í samstæðuársreikningnum. Dótturfélögin eiga fimm dótturfélög sem einnig eru innifalin. Eftirtalin dótturfélög eru innifalin í samstæðuársreikningnum:

	Eignarhlutur	
	2010	2009
Vodafone - Og fjarskipti ehf., Reykjavík (skipt 2010)	0,0%	100,0%
Skýrr ehf., Reykjavík	100,0%	100,0%
Exa ehf., Reykjavík	100,0%	100,0%
EJS ehf., Reykjavík (sameinaðist Skýrr ehf. árið 2010)	-	100,0%
Kögun ehf., Reykjavík (sameinaðist Skýrr ehf. árið 2010)	-	100,0%
Landsteinar Strengur ehf., Reykjavík (sameinaðist Skýrr ehf. árið 2010)	-	100,0%
Eskill ehf., Reykjavík (sameinaðist Skýrr ehf. árið 2010)	-	100,0%
HugurAx ehf., Reykjavík	100,0%	100,0%
Inspira ehf., Reykjavík (sameinaðist HugiAx ehf. árið 2010)	-	100,0%
Sterna ApS, Danmörku	50,0%	50,0%
OKG ehf., Reykjavík	100,0%	-
Kerfi Holding AB, Svíþjóð	100,0%	-
Kerfi AB, Svíþjóð	100,0%	-
Hands AS, Noregi	100,0%	-
Aston Baltic SIA, Lettlandi	100,0%	-

38. Önnur mál

Óvissa

Dótturfélagið OKG ehf. hefur veitt ábyrgðir vegna hluta af skuldbindingum dótturfélagsins Kerfi A/S í Danmörku, sem lýst var gjaldþrota á árinu 2008. Skuldbinding að fjárhæð 254 millj. kr. hefur verið færð vegna ábyrgðanna. Stjórnendur félagsins telja að skuldbindingin sé nægileg en endanleg fjárhagsleg áhrif munu ekki verða ljós fyrr en slitameðferð Kerfi A/S lýkur. Áætlað er að henni ljúki á fyrri hluta ársins 2011.

Til meðferðar er mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur sem Stoðir hf. hafa höfðað gegn Teymi hf. á grundvelli víkjandi lánssamnings milli félaganna frá 1. september 2008. Stoðir hf. krefjast þess að Teymi hf. endurgreiði lánsfjárhæðina. Komi til þess að Héraðsdómur Reykjavíkur fallist á kröfur Stoða hf. mun farið með kröfu á hendur félaginu í samræmi við nauðasamning félagsins sem formlega var staðfestur 23. júní 2009. Krafa Stoða hf. er að fjárhæð 656 millj. kr., auk vaxta og dráttarvaxta. Verði krafan viðurkennd ber Teymi hf. að greiða Stoðum hf. 0,25 millj. kr. í reiðufé og gefa út hlutabréf til handa Stoðum hf. fyrir eftirstöðvum kröfunnar, m.v. við stöðu hennar 21. apríl 2009, á genginu 5,0.

39. Veðsetningar

Teymi hf. (móðurfélag) hefur gefið út eftirfarandi tryggingar til tryggingar skuldum sínum í samræmi við lánasamning á milli Teymis hf. og NBI (kemur fram sem umboðsmaður upphaflegra lánveitenda sem eru NBI hf., Kögn ehf., Straumur-Burðarás Fjárfestingabanki hf. og Íslandsbanki hf.)

- Handveð í öllum hlutum í Skýrr ehf.
- Handveð í öllum hlutum í EJS ehf.
- Handveð í öllum hlutum í Kögun ehf.
- Handveð í öllum hlutum í HugiAx ehf.

Dótturfélagið Skýrr ehf. hefur gefið út tryggingabréf vegna viðskiptakrafna og birgða til tryggingar skuldum Teymis hf. í samræmi við framangreindan lánasamning.

Dótturfélagið HugurAx ehf. hefur gefið út tryggingabréf vegna viðskiptakrafna og birgða til tryggingar skuldum Teymis hf. í samræmi við framangreindan lánasamning.

Dótturfélagið Kerfi AB í Svíþjóð er með lánafyrirgreiðslu hjá Nordea bankanum að hámarki 40 millj. sænskra kr. Bankinn hefur tryggingabréf að fjárhæð 60 millj. sænskra kr. í eignum félagsins.

Í kjölfar skiptingar Teymis hf. í árslok 2010 var fjárfesting Teymis í Og fjarskiptum ehf. færð í nýtt félag, Eignarhaldsfélag fjarskipta ehf. Teymi var í ábyrgð fyrir lánum Og fjarskipta hjá NBI hf. en vegna skiptingarinnar og endurfjármögnun lána Teymis hjá NBI hefur bankinn aflétt ábyrgðum Teymis vegna lána Og fjarskipta.